

Fundargerð – 542. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 20. desember 2022, kl. 16:30 í fundarsal Kölku í Helguvík og á teams.

Mættir: Önundur Jónasson (ÖJ), Ingbór Guðmundsson (IG), Eiður Ævarsson (EÆ), Svavar Grétarsson (SG), Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir (KRE) og Steinþór Þórðarson (SP).

IG, SG og KRE tóku þátt á fundinum í gegnum teams.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra fyrir nóvember og desember.
2. Bréf frá CC í Noregi til umfjöllunar og afgreiðslu.
3. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra fyrir nóvember og desember

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundum. SP fór yfir öryggismál, en ekkert öryggis- eða umhverfisatvik hefur verið skráð frá seinasta fundum. SP upplýsti stjórn að það hafi verið ágætisafköst í október, 1540 kg/klst og mikið að gera í spilliefnabruna. Í nóvember var meðaltal 1546 kg/klst og minna að vera í spilliefnum en höfum ekki verið að vísa þeim frá okkur. Við erum núna í stoppi en ef áætlað er í desember þá verður heildarmagnið líklegast rúm 11.700 tonn. Ágætisniðurstaða fyrir árið. SP fór einnig yfir hver staðan á samningaviðræðum við Terra væru.

Undir þessum dagskrárlið var einnig rædd bilun sem kom upp hjá Kölku. SP fór yfir bilunina og upplýsti að brennslan hafi verið stöðvuð í kjölfar bilunarinnar. SP fór yfir hver staðan á biluninni væri í dag og framhaldið. Eftir góða umræðu undir þessum dagskrárlið ákvað stjórn að fela SP að finna óháðan aðila til að koma og taka úttekt á núverandi viðhaldsáætlun og gera tillögu að úrbótum.

2. Bréf frá CC í Noregi til umfjöllunar og afgreiðslu

SP fór yfir bréf frá CC í Noregi. SP fór einnig yfir álit Haraldar Flosa Klein, lögmanns, og þau áhyggjuefni sem upp koma í álit hans, m.a. möguleg útboðsskylda, CO2 reglur og trúnaðarákvæði. Framkvæmdastjóri kom með tillögu um að bjóða CC á fund og fá Harald Flosa með á þann fund. IG kom fram með hugmyndir um að fá sérfræðing á þessu sviði með okkur í lið, hvort sem það Harald Flosa eða annan lögmann sérfróðann um kolefnismál. Stjórn var sammála og fól framkvæmdastjóra að bóka þann fund.

3. Önnur mál

IG fór yfir bréf sem barst frá bæjarstjóranum í Grindavík, þar sem Fannar, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar upplýsti Kölku um að bæjarstjórnin hafi frestað dagskráliðnum Kalka sorpeyðing – söfnun úrgangs og söfnunarílát, vegna nýrra upplýsinga um mögulegan fjölda af tunnum.

IG undirritaði f.h. SP sameiginlega svæðisáætlun sorpsamlaganna á Suðvesturlandi.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:56.
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 10. janúar 2023.

Fundargerð samþykkt með tölvupósti.

Önundur Jónasson

Ingþór Guðmundsson

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Steinþór Þórðarson